

Til nefndarsviðs Alþingis
Alþingi 150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1370
komudagur 20.3.2002

Umsögn Náttúruverndarsamtak Vesturlands

Hvanneyri 18.3.2002

um 389. mál

Tillögu til Þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls.

(Samhljóða umsögn áður send í tölvupósti)

Náttúruverndarsamtök Vesturlands hafa efasemdir um að raunhæft sé að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga mál með svo skömmum fyrirvara. Við byggjum skoðun okkar meðal annars á þeirri staðreynd að til þess að taka upplýsta afstöðu í málinu þarf mikla upplýsingaherferð og í þá herferð vantar enn mikilvæg gögn sem verið er að vinna í að skapa m.a. á vettvangi Rammáætlunar iðnaðarráðuneytisins um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ljóst er að margt vantar í þá heildarsýn sem þarf að leggja til grundvallar stefnumótunar orkumála og landnýtingar á Íslandi til langs tíma. Samtökin telja að forsendur til stefnumarkandi ákvarðana í stórmálum eins og hér er um rætt standi á of veikum grunni til að óhætt sé að hleypa málinu í þjóðaratkvæði á pólitískum grunni. Eðlilegra er að slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram að lokinni mun ítarlegri fagvinnu en nú liggur fyrir og á faglegum forsendum, fremur en pólitískum. Það er von samtakanna að tafir á Noral verkefniinu gefi þjóðinni tíma til að ná áttum og vinna faglegan undirbúning betur, undirbúning sem gæfi stóriðjuáhangendum aðra niðurstöðu en þeir hafa komist að nú.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Vesturlands 18.3.2002

Björn Þorsteinsson

